

Athugasemdir frá LS í samráðsgátt stjórnvalda

Efni: Frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 116/2006
um stjórn fiskveiða (tengdir aðilar)

27. febrúar 2020

Landssamband smábátæigenda hefur um langt skeið haft áhyggjur af mikilli samþjöppun í sjávarútvegi. LS hefur varað við henni og bent á afleiðingar sbr.

- fábreytt útgerðarform
- aukin kerfislæg áhætta
- einokun

Í frumvarpinu er lagt til:

- a. að tveimur nýjum mgr. verði bætt við 13. gr. auk nýjum tölul. (4) við 4. mgr. greinarinnar. Málsgreinarnar auk 4. mgr. skilgreina hverjir teljast tengdir aðilar.
- b. í stað 14. gr. komi ný grein.
- c. ákvæði til bráðabirgða.

LS lítur svo á að frumvarpið muni gera leikreglur skýrari og upplýsingar um eignaraðild fyrirtækja ljósari, jafnframt að skerpa á ákvæðum um framkvæmd og inngríp Fiskistofu. LS styður þessi áform.

LS vekur athygli á að frumvarpið gerir ekki ráð fyrir að hægt verði á samþjöppun sem verið hefur í sjávarútvegi enda kannski ekki tilgangur þess.

1. gr.

Eins og fram kemur í greinargerð með frumvarpinu var lögum um stjórn fiskveiða breytt árið 1998 með því að setja inn ákvæði um hámark aflahlutdeildar hvernar útgerðar í einstökum tegundum og 12% heildaraflahlutdeild. Jafnframt var gert ráð fyrir að stærð eignarhluta í einstökum útgerðarfyrirtækjum yrði takmörkuð við 20% færi heildaraflahlutdeild þeirra yfir 8%. Árið 2002 var það ákvæði hins vegar fellt úr gildi og reyndi því aldrei á framkvæmd þess. Algjör einhugur ríkti meðal þingmanna um nauðsyn þess að takmarka eignaraðild, til þess að koma í veg fyrir að aflaheimildir söfnuðust á fáar

hendur.

Við lagasetninguna var þess gætt að skilgreina hvaða aðilar teldust tengdir. Í frumvarpinu segir eftirfarandi um 1. gr. (13. gr. laganna) í skýringum við 4. mgr. hverjir skuli teljast tengdir aðilar.

„4. mgr. er ætlað að skýra hvaða aðilar teljast tengdir í skilningi greinarinnar. Nauðsynlegt er að eign tengdra aðila sé metin sem ein heild svo ekki sé unnt að komast hjá þeim skilyrðum sem settar eru í greininni. Markmiðið með málsgreininni er að fella undir tengda aðila þá aðila sem raunverulega stjórna öðrum aðila og þá aðila sem með þeim hætti er stjórnað.“

Svo virðist að við túlkun Fiskistofu á málsgreininni hafi eingöngu verið horft til þess að tengdir aðilar féllu undir 3. tölulið hennar, þrátt fyrir framangreinda tilvitnun. Sú ákvörðun virðist ganga þvert á það sem fram kemur að „Nauðsynlegt er að eign tengdra aðila sé metin sem ein heild svo ekki sé unnt að komast hjá þeim skilyrðum sem settar eru í greininni.“

LS telur rétt að vekja athygli á þessu þar sem túlkun stofnunarinnar hefur orðið til þess að ákvæði um hámarksaðild hefur farið úr böndum með afleiðingum sem ekki fæst leiðrétting á fyrir en við upphaf fiskveiðisársins 2026/2027, samanber bráðabirgðaákvæði frumvarpsins.

Samkvæmt 4. tölulið teljast hjón, sambúðarfólk, börn þeirra og fósturbörn í beinan legg sem tengdir aðilar. Áhugavert er að ákvæðið skuli vera fært í sérstakan tölulið sem rennir stoðum undir þann skilning að hann hafi eingöngu átt við 3. tl. laganna. Deila má um hvort liðurinn á rétt á sér þar sem engin dæmi eru um að dómstólar hafi ekki talið þessa aðila tengda.

Ekki er gerð frekari athugasemd við 1. gr.


2. gr.

LS gerir athugasemd við að ekki skuli tekið fram í skýringum með frumvarpinu hvers vegna horfið er frá því að undanþiggja hverja tegund fyrir sig ákvæðum greinarinnar þ.e. þeirra sem tilgreindar eru í 1. mgr. 13. greinar. Samkvæmt frumvarpinu er aðeins gert ráð fyrir að ákvæði greinarinnar eigi við heildarverðmæti allra tegunda. Það er skoðun LS að hér sé um það mikla breytingu að ræða frá gildandi lögum að nauðsynlegt sé að vekja sérstaka athygli á henni, auk þess að tilgreina ástæður fyrir breytingunni.

Í 3. mgr. er getið um frumkvæðisathugun Fiskistofu um hvort aðilar séu yfir lögbundnu hámarki. LS telur rétt að kveða á um að við ítrekuð brot geti aðili ekki vænst þess að fá þriggja mánaða frest til að koma hlutdeild niður í lögbundið mark.

Ákvæði til bráðabirgða

Aðilum sem fara yfir lögbundin mörk við gildistöku laganna eru gefin sex ár til að uppfylla ákvæði laganna. LS vekur athygli á að við setningu sambærileg ákvæðis við krókaafhlutdeild var fresturinn fjögur ár.


Þorlákur Halldórsson formaður

Virðingarfyllt


Örn Pálsson framkvæmdastjóri